

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland ehf. Benninghoven Færanleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	19.3.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland ehf. Benninghoven	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Steingrímur M Bragason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit.

Umhverfisstofnun fór fram á:

b) afrit af tryggingaskírteini vegna bráðamengunartryggingar berist stofnuninni

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Farið var í reglubundið eftirlit með færanlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. - Benninghoven. Stöðin er staðsett í námum við Þorlákshöfn og starfsleyfið er frá 20. ágúst 2021. Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og úttektir vottunaraðila eru framkvæmdar í samræmi við það. Umhverfisstefna rekstraraðila er birt á heimasíðu fyrirtækisins.

Viðstaddir eftirlitið voru Björk Úlfarsdóttir og Steingrímur M. Bragason frá Colas Ísland ehf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun

1. Tvö ár eru síðan síðast var komið í eftirlit. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á allt að 160 tonn/klst. af malbiki í stöðinni og gert er ráð fyrir breytilegri staðsetningu en að leyfi sé fengið fyrir staðsetningu á hverjum stað. Heimilt er að hafa við stöðina olíu- og bikgeyma sem uppfylla kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um neyslu- og húsageyma. Benninghovestöðin hefur ekki haft verkefni í nokkurn tíma en er vöktuð og undir eftirliti starfsmanna rekstraraðila. Því voru mælingar í útblæstri ekki framkvæmdar á síðasta ári.

Eldri frávikum var lokað með málslokabréfi þann 18. október 2022 (UST202202-386) eftir að upplýsingar bárust um úrbætur.

Útblástursmælingar voru gerðar í reykháfi stöðvarinnar þann 18. júlí 2022. Öll gildi voru í sátt við kröfur í starfsleyfi. Hljóðmælingar voru gerðar í október 2022.

Engar kröfur eru gerðar til frárennslis frá stöðinni sjálfri en rotþró (lífræn hreinsistöð án siturlagna) er í frárennslis starfsmannaáðstöðu.

2. Í starfsleyfi stöðvarinnar er krafa um fjórar skriflegar áætlanir:

- áætlun yfir ráðstafanir sem gera þarf fyrir næsta flutning malbikunarstöðvarinnar
- áætlun sem miðar að því að hefta rykmengun frá starfseminni við óhagstæð veðurskilyrði
- áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar
- viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar

Í eftirlitinu voru áætlanirnar skoðaðar. Þær eru allar nýlegar og ekki eru gerðar athugasemdir við þær.

Samkvæmt gr. 4.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit hvers árs og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirlit ársins 2022 liggur fyrir en næstu skil eru fyrir 1. maí nk.

Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 er malbikunarstöðvum með færanlega staðsetningu ekki gert að færa grænt bókhald.

Vel er gengið um úrgangsefni og þau flokkuð.

Síðasta endurvottun á umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er dagsett 25. apríl 2023 og gildir fram á haustmánuði 2025.

3. Umhverfisstofnun ákvarðar tíðni eftirlita hjá rekstraraðilum út frá umhverfisáhættu sem metin er í hverju eftirliti. Þar sem matið byggir á samanburði á malbikunarstöðvum landsins þá liggur tíðni eftirlita hjá Benninghoven-stöðinni ekki fyrir fyrir en í lok árs.

4. Fram kom hjá fulltrúum rekstraraðila að enginn hafi kvartað yfir malbikunarstöðinni, hvorki útliti, foki, lykt né hljóði. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni.

Upplýsingar um olíugeyma í tengslum við starfsemina hafa borist til Umhverfisstofnunar. Ekki kemur fram á trygginarskírteini nr. 5989183 hverja af sex malbikunarstöðvum Colas Ísland ehf. væri verið að tryggja eða hvort tryggingin næði til allra stöðvanna. Rekstraraðila var bent á að fá greinarbetri upplýsingar frá vátryggingarfélagi.

5. Gengið var um aðstöðuna og myndir teknar. Engar athugasemdir voru gerðar.

ÁBENDINGAR

Bent er á að senda Umhverfisstofnun afrit af tryggingarskírteini vegna bráðamengunar.


ANNAÐ

Afrit af tryggingarskírteini barst þann 27. mars sl. og því eru engin erindi útafstandandi vegna Benninghovenstöðvarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.04.2024



Gottskálk Friðgeirsson